

## REGLUR um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

### 1. gr.

Á eftir 5. mgr. 54. gr. reglnanna bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:  
Um rafræn skil og vistun doktorsritgerða fer eftir ákvæðum 70. gr. reglna þessara.

### 2. gr.

Eftifarandi breytingar verða á 70. gr. reglnanna:  
a. Á eftir 3. mgr. töluliðar 2 bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Um skil og vistun doktorsritgerða fer eftir verklagsreglum um rafræn skil og vistun doktorsritgerða frá Háskóla Íslands sem háskólaráð setur.

b. Í stað númerandi 4. og 5. mgr. töluliðar 2 kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ritgerð skal vera aðgengileg á skrifstofu deildar og á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni í fjórar vikur áður en vörn fer fram. Ef stafrænt eintak lokaritgerðar er vistað lokað á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni skal útprentað eintak ritgerðar ligga frammi á skrifstofu deildar og á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni fjórum vikum fyrir vörn. Doktorsefni skal síðan verja ritgerðina í háskólanum í heyranda hljóði á þeim degi sem deildin ákveður.

### 3. gr.

Við reglurnar bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, II, svohljóðandi:

Kennslusviði er heimilt að taka við og afgreiða umsóknir nemenda sem staðist hafa námskeið á vormisseri 2020 (hlotið lágmarkseinkunn) en vilja breyta lokaеinkunn í „Staðið án einkunnar“ eftir að hún hefur verið gefin í tölum. Kennslusvið mun í samráði við fræðasvið og deildir skólans skilgreina hvaða skilyrði þurfa að vera uppfyllt til að slíkar umsóknir verði samþykktar.

Ákvæði 1. mgr. 57. gr. þessara reglna um að nemanda sé einungis heimilt að þreyta próf í hverju námskeiði tvívar gildir ekki á vormisseri 2020.

Sérreglur einstakra deilda um að nemendur þurfi að ná lágmarkseinkunn í lokaprófi námskeiðs þar sem lokapróf er einn af matsþáttum (á móti hlutaprófum, ritgerðum o.s.frv.) gilda ekki á vormisseri 2020. Vegið meðaltal allra námsmatsþáttu gildir þá sem lokaеinkunn.

### 4. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 2. apríl 2020.*

**Jón Atli Benediktsson.**

*Pórður Kristinsson.*